

Skólaráðsfundur 30.janúar 2012 haldinn á Varmalandi

Mættir: Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir og Freyja Ragnarsdóttir Pedersen , Kristín Kristjánsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, Snæbjörn Reynisson, Jóhanna Þorvaldsdóttir og Fjóla Benediktsdóttir.

Narfi Jónsson, Hanna Þorgrímsdóttir og Þórhildur mættu ekki til fundar.

1. Fjárhagsáætlun 2012

Samþykkt fjárhagsáætlun fyrir skólaárið 2012 var kynnt fyrir nefndarmönnum. Ingibjörg fór yfir hvernig skipting áætlunar er. Hversu háum upphæðum er varið til launa og launatengdra gjalda og til þjónustu- og vörukaupa. Einnig gerði hún grein fyrir þeim kostnaði sem áætlaður er fyrir rekstur mötuneyta og skólasels.

Heildarupphæð til rekstur Grunnskóla Borgarfjarðar árið 2012 er 370.769.437.- Árið 2011 var upphæðin 355.116.035. Mismunurinn milli skólaára er því 15.653.403.

Fyrirséð er að aðhalds þarf að gæta á þessu ári eins og undanfarin ár.

Rekstur skólans síðastliðið skólaár stóðst áætlun. Þegar búið er að taka tillit til ófyrirséðra afleysinga vegna veikinda og breytinga sem urðu á skólaakstri.

2. Skóladagatal.

Ingibjörg sýndi fundarmönnum fyrstu drög af skóladagtali næsta árs. Farið er að ræða dagatalið innan deilda og verður það lagt fyrir skólaráð til samþykktar á næsta fundi eins og áætlað er í starfsáætlun þess.

Nokkur umræða var um hvað og hvort mönnum litist á að taka vetrarfrí og lengja þá skólann fram í júní sem því næmi. Niðurstaða þeirrar umræðu var að betra væri að hætta fyrr en tengja einn vetrarfrísdag helgi eins og nú er gert þannig að allir fái eina langa helgi seinni hluta vetrar.

Margrét Guðmundsdóttir vildi koma því á framfæri að hennar skoðun væri sú að betra væri að hafa skólann lengur fram á vorið, þar sem æ fleiri útvinnandi foreldrar ættu ekki kost á sumarleyfi sem væri í takt við sumarleyfi nemenda.

Hún vildi þó að það kæmi fram að hún sæi að það væri erfitt að setja inn frí að vetri til þar sem það væri sjaldnast í takt við frídaga foreldra.

3. Breyting á skólalokum vegna starfsdags 21.október .

Þann 21. október var áætlaður starfsdagur í GBF vegna áætlaðs menntaþings á vegum Borgarbyggðar í Borgarnesi. Af þessum degi varð ekki og hann af þeim sökum

kennur sem þýðir að einn starfsdagur stendur út af hjá kennurum og miðað við skóladagatal eru þá nemendadagarnir 181 en þeir eiga að vera 180. Skólastjóri hefur beðið fræðslustjóra um breytingu á lokum skóla vegna þessa þar sem fyrirséð er að Borgarbyggð mun ekki standa fyrir menntaþingi á vordögum. Áætlað er að slíta skóla einum degi fyrr og að síðasti dagur í kennslu verði þá 30.mái. Fræðslustjóri sér þessu ekkert til fyrirstöðu, skóladagatal gerir ráð fyrir 180 nemendadögum og 5 starfsdögum á starfstíma nemenda og 8 þar fyrir utan.

Starfsmenn GBF eru á leið til Skotlands í náms-og kynnisferð eftir skólaslit . Þessi breyting gerir það að verkum að hægt er að taka beint flug til Glasgow í stað þess að millilenda og taka innanlandsflug frá Manchester sem er einnig mun ódýrari kostur.

Nefndarmenn samþykkir þessari breytingu á skólalokum og ræddu um mikilvægi þess að kynna hana vel fyrir foreldrum og nemendum þegar nær dregur.

Önnur mál.

- Margrét Guðmundsdóttir ræddi mikilvægi þess að undirbúa nemendur í 4.bekk á H-deild fyrir skólabyrjun í K-deild með svipuðu sniði og nemendur í leikskóla eru undirbúin fyrir skólagöngu í grunnskólanum.

Ingibjörg upplýsi um samstarf á milli deildanna sem hefst 13.febrúar með heimsókn 4.bekkinga í H-deild í K-deild.

Einnig er áætluð hópeflisferð allra deilda með þennan aldurshóp til RVK á skauta og fl. skemmtilegt.

Fulltrúar nemenda bentu á að þeir væru að undirbúa sameiginlega skemmtun fyrir þessa nemendur.

Einnig upplýsti Freyja hversu gott henni hefði þótt sem nemenda að hafa komið oft að KLR.í aðdraganda þess að hefja þar skólagöngu, það hefði skapað nemendum öryggiskennd.

Stjórnendur taka þessa hugmynd um aukið samstarf til skoðunar í undirbúningi næsta skólaárs.

- Nemendafulltrúar vilja að hugað verði að því að eldri nemendur geti komið og skemmt sér með unglingum GBF á skólaskemmtunum, ef þeir vilja með því skilyrði að þeir að fara eftir skólareglum.

Nokkrar umræður sköpuðust um þessa hugmynd og sýndist sitt hverjum.

Fundargerð ritaði Ingibjörg Inga